

Miðvikudaginn 22. nóvember 1972.

Nr. 4/1972. **Vinnuveitendasamband Íslands vegna  
Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík og  
Landsambands íslenzkra rafverktaka**  
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h.  
Rafiðnaðarsambands Íslands vegna  
Félags íslenzkra rafvirkja**  
(Þorsteinn Geirsson hrl.).

**Dómarar:**

Hákon Guðmundsson. Gunnlaugur E. Briem. Einar Arnalds.  
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Kjarasamningur hafði ekki komið á milli málsaðilja.  
Stéttarfélag ekki talið hafa beitt sér fyrir ólögmætri  
vinnustöðvun.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 31. júlí þ. á., af Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík og Landsambands íslenzkra rafverktaka gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenzkra rafvirkja.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að samþykkt sú, sem gerð var á fundi í Félagi íslenzkra rafvirkja hinn 19. júlí 1972 og felur í sér bann við því, að félagsmenn F.Í.R. vinni að nýlögnum eða meiri háttar breytingum á raflögnum, nema samkvæmt ákvæðisverðskrá, sé brot gegn kaup- og kjarasamningi á milli aðiljanna, sem undirritaður var hinn 18. júlí 1972.

2. Að dæmt verði, að Félag íslenzkra rafvirkja hafi með samþykkt þessari beitt sér fyrir ólögmætum vinnustöðvunum og beri því fulla skaðabótaábyrgð gagnvart einstökum félögum F.L.R.R. og L.Í.R. á öllu því tjóni, er leiðir af samþykkt þessari.

3. Að Félagi íslenzkra rafvirkja verði gert að greiða sekt

til ríkissjóðs fyrir að hafa beitt sér fyrir ólögmetum vinnu-  
stöðvunum, sbr. 15. gr. laga nr. 80/1938.

4. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað  
að skaðlausu, að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og máls-  
kostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1971 sögðu rafvirkjar (stefndu) upp þágildandi  
kjarasamningum við rafverktaka, frá 2. júlí 1970.

Í samningaumleitunum þeim, er því næst hófust, hafði  
stefndi samstöðu með öðrum stéttarfélögum og var, svo sem  
kunnugt er, hinn 4. des. f. á. undirritaður almennur samn-  
ingur milli vinnuveitenda og stéttarfélaganna. Að því er varð-  
aði sérkröfur einstakra verkklýðsfélaga skyldi hins vegar sam-  
ið sérstaklega við þau sérgreinafélög vinnuveitenda, er hlut  
áttu að máli í hverri sérgrein.

Stefndu í máli þessu, Rafiðnaðarsamband Íslands og Félag  
Íslenzkra rafvirkja, höfðu þegar í nóvembermánuði lagt fram  
sérkröfur sínar. Voru þær upphaflega í 7 liðum, en áskiln-  
aður gerður um það, að fleiri tillögur gætu komið fram í  
viðræðum aðilja, enda varð svo.

Málsaðiljar eru sammála um það, að þegar sérkröfur  
stefnda hafi verið ræddar á samningafundunum, hafi komið  
í ljós, að fljótlega ætti að geta tekizt samkomulag um þær,  
að undanskildum 2. lið sérkrafnanna, en hann hljóðar svo:

„Öll vinna við nýlagnir og meiri háttar breytingar á lögn-  
um verði eingöngu unnin og gerð upp samkvæmt ákvæðis-  
verðskrá“.

Var hér um breytingu að ræða frá eldri sammingsákvæðum,  
því samkvæmt samningum aðilja frá 2. júlí 1970 var ákvæðis-  
vinna heimil og reyndar mælt með notkun hennar, þar sem  
henni yrði við komið.

Nefndur kröfufliður fól hins vegar í sér, eins og orðalag  
hans sýnir, beina skuldbindingu um notkun ákvæðisvinnu í  
þar tilgreindum tilvikum.

Að sögn málsaðilja urðu miklar umræður milli sammings-  
aðilja um þennan kröfuflið, en hvorki gekk né rak í samn-

ingaumleitunum. Fór svo, að stefndi boðaði verkfall hjá stefnanda með bréfi, dags. 3. júní sl., og kom verkfallið til framkvæmda 17. sama mánaðar.

Eftir að verkfallið var boðað, hélt sáttasemjari ríkisins samningafundi með málsaðiljum. Var ákvæðisvinnan eða ákvæðisvinnuskyldan enn sem fyrr aðalágreiðingsefnið og komu fram ýmsar tillögur til lausnar, en samkomulag náðist ekki.

Á sáttafundi, er hófst mánudaginn 17. júlí kl. 2030, ræddu sáttasemjarar enn við fyrirsvarsmenn samninganefndanna. Í því samningaþófi kom fram svohljóðandi yfirlýsing frá rafvirkjum, dags. 18. júlí sl.:

„Rafiðnaðarsamband Íslands lýsir því hér með yfir, að það mun leggja til við aðildarfélög sín, að þau skuldbindi félagsmenn sína til þess að vinna ekki nýlagnir, né meiri háttar breytingar á lögnum, nema samkvæmt ákvæðisvinnuverðskrá“.

Gegn þessari yfirlýsingu lögðu rafvirkjameistarar sama dag fram skrifleg mótmæli svohljóðandi:

„Að gefnu tilefni vill F.L.R.R. og L.Í.R. taka fram, að félagin líta mjög alvarlegum augum á og mótmæla harðlega hótunum Rafiðnaðarsambandsins, er fram komu á sáttafundi 18. júlí 1972 um að „leggja til við aðildarfélög sín, að þau skuldbindi félagsmenn sína til að vinna ekki nýlagnir né meiri háttar breytingar á lögnum nema skv. ákvæðisvinnuverðskrá“. Telur F.L.R.R. og L.Í.R. allar hugmyndir um að brjóta væntanlega samninga í hæsta máta óviðurkvæmilegar og til þess fallnar að spilla fyrir væntanlegri samningsgerð, enda þótt slíkar hótanir, þótt framkvæmdar yrðu, gætu aldrei skapað félagsmönnum Rafiðnaðarsambandsins neinn rétt eða lagt skyldur á félagsmenn F.L.R.R. og L.Í.R., enda aldrei til greina komið að um slíkt fyrirkomulag yrði samið og höfuðástæða verkfallsins, sem staðið hefir í fjórar vikur, að ekki hefir náðst samkomulag um þetta atriði“.

Vegna þessara mótmæla kom þennan sama dag fram svohljóðandi athugasemd frá rafvirkjum:

„Stjórn Rafiðnaðarsambands Íslands mótmælir hér með

þeirri fullyrðingu F.L.R.R. og L.Í.R., að yfirlýsing Rafiðnaðarsambandsins, dags. í dag, feli í sér „hugmyndir“ um að brjóta væntanlega samninga aðilja“.

Má sjá af þessum viðbrögðum samningsaðilja, að ekki hefur farið á milli mála, að hér var um að ræða skýlaust ágreiningsefni þeirra í milli.

Samkvæmt gerðabók sáttasemjara náðist samkomulag með deiluaðiljum um kl. 1700 þriðjudaginn 18. júlí. Var það vélritað og undirritað kl. 1930 sama dag með fyrirvara um samþykkt félagsfunda.

Upphaf þessa samnings hljóðar svo:

„Samningar aðilja, dags. 2. júlí 1970, ásamt II. kafla um ákvæðisvinnu frá 19. apríl 1965 og samkomulagi um ákvæðisvinnu o. fl., dags. 2. júlí 1970, sbr. og samkomulag Vinnuveitendasambands Íslands o. fl., við verkalýðsfélögin frá 4. des. 1971, framlengjast með eftirfarandi breytingum“.

Því næst eru í meginmáli samningsins tekin upp ýmis ákvæði, svo sem um öryggi og hollustuhætti á vinnustað, aðbúnað á verkstæðum, vinnurannsóknir, verkfærapeninga og 25% álag á kaup þeirra rafvirkja, sem eru frá framhaldsdeild Tækniskóla Íslands. Engin ný ákvæði eru aftur á móti tekin upp um höfuðágreininginn, ákvæðisvinnuna.

Þess má geta, að mánudaginn 17. júlí, og áður en nefndur samningafundur sáttasemjaranna hófst, var haldinn almennur fundur í Félagi íslenskra rafvirkja. Að sögn stefnda var þetta fjölmennur fundur. Á honum var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Fundur í Félagi íslenskra rafvirkja, haldinn 17. júlí 1972, telur kröfu félagsins um að nýlagnir og meiri háttar breytingar á lögnum verði unnin í ákvæðisvinnu samkvæmt verðskrá algera réttlætiskröfu, sem ekki megi hvika frá.

Fundurinn bendir á, að allar stéttir byggingariðnaðarmanna, aðrar en rafvirkjar, hafa um árabíl búið við ákvæðisvinnu sem launagrundvöll og er því fullkomlega réttlætismál, að rafvirkjar búi við sama rétt í þessu.

Auk þess minnir fundurinn á þá staðreynd, að ákvæðisvinnuverðskrá rafvirkja mun vera eina verðskráin í byggingariðnaði, sem byggð er á tímamælingum hlutlauss aðila

og gerir ráð fyrir stöðugri endurskoðun í samræmi við fengna reynslu.

Fundurinn fordæmir þá furðulegu afstöðu rafverktaka að neita rafvirkjum um sama rétt og aðrir iðnaðarmenn í byggingariðnaði njóta og krefst þess að þegar verði gengið til samninga um þetta sanngirnismál“.

Hinn 19. júlí var haldinn fundur í Félagi íslenzkra rafvirkja. Var þar lagður fram og reifaður kjarasamningur sá, sem undirritaður var hinn 18. sama mánaðar.

Á fundi þessum var borin fram og samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Í tilefni af aðdraganda þeirra samninga, sem nú liggja fyrir fundinum til afgreiðslu samanber algjöra neitun F.L.R.R. og L.Í.R. að verða á nokkurn hátt við kröfu skv. 2. kröfuflið í sérkröfum Rafiðnaðarsambands Íslands og F.Í.R. og í framhaldi af yfirlýsingu Rafiðnaðarsambands Íslands, dags. 18. júlí 1972, samþykkir fundurinn, að félagsmönnum F.Í.R. sé óheimilt að vinna að nýlögnum eða meiriháttar breytingum á lögnum, nema samkvæmt ákvæðisverðskrá, þar sem því verður tæknilega viðkomið“.

„Síðan voru samningarnir samþykktir“, eins og segir í bókun frá fundi þessum.

Þessa fundarsamþykkt alla sendi Félag íslenzkra rafvirkja samdægurs til Vinnuveitendasambands Íslands.

Í kvöldfréttum útvarpsins kl. 1900 þenna sama dag var lesin svohljóðandi frétt:

„Hínir nýju kjarasamningar rafvirkja voru samþykktir á félagsfundum viðkomandi félaga í dag, og hefur verkfalli þeirra því verið aflýst. Það hófst 17. júní og hefur því staðið í röskan mánuð“.

Eigi er fram komið, að frétt þessi verði rakin beint til samningsaðilja.

Hins vegar er fram komið, að fréttamenn þriggja dagblaða í Reykjavík höfðu samband við Magnús Geirsson, formann Félags íslenzkra rafvirkja, að kvöldi þessa dags, og birtust daginn eftir fréttir í þessum sömu blöðum, þar sem sagt var frá áður nefndri fundarályktun rafvirkja daginn

áður ásamt því, að samningarnir hefðu verið samþykktir og að rafvirkjaverkfallinu hefði verið aflýst.

Hinn 20. júlí ritaði Vinnuveitendasamband Íslands Félagi íslenzkra rafvirkja svohljóðandi bréf:

„Vér höfum í dag móttengið heiðrað bréf yðar til vor, dags. 19. júlí sl., þar sem þér tilkynnið oss, að á fundi í félagi yðar, höldnum sama dag, hafi verið samþykkt, „að félagsmönnum F.Í.R. sé óheimilt að vinna að nýlögnum eða meiriháttar breytingum á lögnum, nema skv. ákvæðisverðskrá, þar sem því verður tæknilega við komið“.

Með skírskotun til þessarar samþykktar svo og yfirlýsingar F.L.R.R. og L.Í.R. í tilefni af hótunum samninganefndar yðar á sáttafundi 18. þ. m. um samþykkt tillögu, er að efni til gengi í sömu átt og fundarsamþykkt sú, er þér tilkynntuð oss um í áður ívitnuðu bréfi yðar, viljum vér taka fram, að vér, f. h. allra félagsmanna vorra, mótmælum margumræddri fundarsamþykkt yðar sem broti á nýgerðum kjarasamningi og því ólöglegri og að engu hafandi.

Skorum vér eindregið á yður að draga framangreinda yfirlýsingu til baka fyrir kl. 1700 þriðjudaginn 25. júlí n. k., svo að komizt verði hjá málaferlum og frekari óþægindum“.

Sama dag var af hálfu rafverktaka eftirfarandi auglýsing birt í ríkisútvarpinu:

„Rafverktakar — rafverktakar.

Vegna samþykktar Félags íslenzkra rafvirkja á fundi sínum í gær, 19. þ. m., þar sem rafvirkjasveinum er bannað að vinna í tímavinnu að nýlögnum eða meiri háttar breytingum á lögnum, bendir Landssamband ísl. rafverktaka og Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík á, að samþykkt þessi er brot á nýgerðum kjarasamningi og þessvegna ólögleg.

Landssamband íslenzkra rafverktaka.

Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík“.

Félag íslenzkra rafvirkja svaraði bréfi Vinnuveitendasambandsins 25. júlí sl. á þenna hátt:

„Sem svar við bréfi yðar, dags. 20. júlí 1972, þar sem skorað er á Félag íslenzkra rafvirkja að draga til baka fundarsamþykkt gerða á fjölmönnum félagsfundum í F.Í.R. 19. júlí 1972, lýsir stjórn F.Í.R. yfir eftirfarandi:

F.Í.R. mun að sjálfsgöðu ekki draga fundarsamþykkt þessa til baka og breyta hótanir yðar um málssókn á hendur félaginu þar engu um.

Stjórn F.Í.R. lítur svo á, að lausn verkfalls rafvirkja hafi raunar byggst á þessari fundarsamþykkt og hafi yður og umbjóðendum yðar, F.L.R.R. og L.Í.R., verið það ljóst áður en samningar voru undirritaðir, að yfirlýsing af hálfu F.Í.R., er væri efnislega samhljóða umræddri fundarsamþykkt, væri ákvörðunarástæða af hálfu F.Í.R. fyrir undirritun og samþykkt nýgerðra samninga.

M. a. af framangreindum ástæðum telur stjórn F.Í.R., að margnefnd fundarsamþykkt sé fyllilega lögmæt og ítrekar að frá henni verður ekki hvikað“.

Sat þannig allt við hið sama í þessari deilu málsaðilja um ákvæðisvinnuna, þrátt fyrir þá undirritun samninga, sem fram fór 19. júlí sl.

Stefnandi höfðaði því næst mál þetta 31. sama mánaðar, svo sem áður er rakið.

Dómkröfur stefnanda eru í megin atriðum byggðar á því, að með undirskrift framangreinds samnings 18. júlí sl. hafi komið á kjarasamningur milli aðilja þessa máls, sem falið hafi í sér, með þargreindri endurnýjun eldri samningsákvæða, að rafverktökum sé ekki skylt að vinna eða láta vinna í ákvæðisvinnu nein tiltekin verk, heldur sé það nú svo sem áður aðeins heimilt. Krafa rafvirkja um samningsbundna skyldu þess efnis, að tiltekin verk skuli unnin í ákvæðisvinnu, hafi ekki fengið framgang við endanlega gerð kjarasamnings þess, er undirritaður var 18. júlí sl. Það hafi verið hlutverk þess félagsfundar rafvirkja 19. júlí sl., sem fjallaði um oftnefndan kjarasamning, að svara honum neitandi eða játandi. Fundurinn hafi samþykkt hann og hafi því verið algerlega óheimilt að binda framkvæmd hans nokkru skilyrði. Sízt af öllu skilyrði, sem ljóst var að rafverktakar höfðu algerlega hafnað.

Af þessum sökum hafi fundarsamþykkt Félags rafvirkja 19. júlí um ákvæðisvinnuna verið hreint brot á gerðum kjarasamningi. Með henni hafi stefndi beitt sér fyrir ólögmætum

vinnustöðvunum, þar sem fundarsamþykktin banni rafvirkjum að vinna að nýlögnum o. fl. í tímavinnu, en það sé algerlega andstætt ákvæðum kjarasamningsins frá 18. júlí sl., sem staðfest hafi heimildarákvæði hinna eldri kjarasamninga um ákvæðisvinnuna. Slíkar vinnustöðvanir, eða hótanir um vinnustöðvanir, sem gerðar séu til að knýja fram breytingar á kjarasamningi, er tekið hafi gildi, séu stefnda með öllu óheimilar.

Telur stefnandi, að stefndi hafi með þessari háttsemi sinni gerzt brotlegur við ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938, sérstaklega 14. og 15. gr. þeirra laga og beri að dæma honum refsingu fyrir brot á þeim. Auk þess telur stefnandi, að stefndi hafi með þessum ólögumætu athöfnum bakað stefnanda tjón og beri því að dæma hann bótaskyldan fyrir þær sakir.

Stefndi byggir sýknukröfur sínar á þeim ástæðum fyrst og fremst, að oftnefnd fundarsamþykkt rafvirkja 19. júlí sl. hafi verið ákvörðunarástæða fyrir samþykki Félags íslenzkra rafvirkja á kjarasamningi þeim, er undirritaður var þann 18. s. m. Bendir hann á, að félagsfundurinn hafi gert fundarsamþykkt sína áður en kjarasamningurinn var borinn undir atkvæði og samþykktur, og hún þannig verið skilyrði fyrir því, að rafvirkjar féllust á samninginn. Þegar rafvirkjarnir hafi svo mætt til vinnu, hafi rafverktakarnir í verki og framkvæmd virt efni samþykktarinnar. Sé ekki vitað, að nokkurs staðar hafi allan þann tíma, sem liðinn sé frá því, er vinna hófst í sl. júlímánuði, komið til ágreinings út af ákvæðisvinnunni og sé, að því er hana varðar, farið eftir ákvæðum fundarsamþykktar rafvirkja í öllum þeim nýlögnum og meiri háttar verkum, sem byrjað hafi verið á, eftir að verkfallinu lauk 20. júlí.

Með þessum hætti hafi stefndi í framkvæmd samþykkt þann fyrirvara, sem fólst í samþykkt rafvirkjanna 19. júlí og hann þar með orðið hluti þess kjarasamnings, sem gerður var 18. júlí og samþykktur 19. júlí. Hafi á þann hátt stofnast milli málsaðilja lögmætur kjarasamningur með því efni, sem í meginmáli samningsins frá 18. júlí greinir að viðbættri samþykkt rafvirkja 19. júlí, þótt stefnandi vilji með mótælum sínum og málssókn þessari halda því fram, að ein-



ungis samningurinn frá 18. júlí hafi tekið gildi, en margnefnd samþykkt sé hins vegar brot á honum.

Af þessum sökum og staðreyndum leiði það, að stefndi hafi hvorki brotið gegn ákvæðum kjarasamnings aðilja, né heldur gerzt brotlegur við þau ákvæði laga, sem tilgreind séu í dómkröfum stefnanda, og beri því að sýkna hann alfarið af kröfum stefnanda í málinu.

Svo sem að framan greinir, fór undirritun kjarasamninganna 18. júlí sl. fram með þeim fyrirvara, að þeir yrðu samþykktir af félagsfundum þeirra félaga, sem hlut áttu að máli. Samþykkt sú, sem gerð var á framangreindum fundi í Félagi íslenskra rafvirkja, áður en kjarasamningurinn var borinn undir atkvæði fundarins, verður eigi skilin á annan veg en að félagið hafi bundið samþykki á kjarasamningnum því skilyrði, að fylgt yrði um ákvæðisvinnuna þeim reglum, sem fundarsamþykktin 19. júlí kvað á um, og stöðugt hafði verið haldið fram af hálfu rafvirkja við samningaumleitanirnar. Verður í því efni að líta á fundarsamþykktina og hinn undirritaða samning sem heild, er gagnaðilinn, stefnandi í máli þessu, varð á nýjan leik að taka afstöðu til.

Af auglýsingu Landsambands íslenskra rafverktaka og Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, sem að framan getur, og birt var í ríkisútlitarpinu 20. júlí sl., er ljóst, að rafverktakar hafa ekki fallizt á þá skilmála, sem Félag íslenskra rafvirkja setti samkvæmt framanskráðu fyrir samþykki sínu á hinum undirritaða samningi og var sú afstaða einnig staðfest með bréfi Vinnuveitendasambands Íslands sama dag og síðar með málssókn þessari 31. sama mánaðar.

Með vísun til þessa verður eigi talið, að kominn hafi verið á kjarasamningur samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 milli aðilja máls þessa, þegar verkfalli lauk 20. júlí sl.

Eigi er fram komið, hvernig á því stóð, að verkfall rafvirkja féll niður nefndan dag, þótt aðiljum mætti vera ljóst eftir fundarsamþykkt rafvirkjanna 19. júlí, að kjarasamningar málsaðilja væru ekki komnir í endanlega höfn. Þetta skiptir ekki heldur máli um úrlausn máls þessa. Rafverktakar hófu að vísu framkvæmdir á ný, þegar rafvirkjar komu til vinnu að loknu verkfalli 20. júlí sl. og ekki er vitað, að

ágreiningur hafi frá þeim tíma risið milli rafverktaka og rafvirkja út af ákvæðisvinnutilhögun. Hefur stefndi haldið því fram, að þessar aðstæður hafi leitt til þess, að í framkvæmd hafi stofnast milli málsaðilja kjarasamningur með því efni, sem felst í samningnum frá 18. júlí og fundarsamþykkt rafvirkja þann 19. sama mánaðar.

Eins og áður er rakið, mótmæltu rafverktakar þegar hinn 20. júlí oftnefndri fundarsamþykkt rafvirkja og höfðuðu mál þetta í framhaldi af því. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki heldur talið, að athafnir eða athafnaleysi rafverktaka á þessu tímabili hafi leitt til þess að stofnast hafi með aðiljum máls þessa kjarasamningur samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenzkra rafvirkja, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík og Landsambands íslenzkra rafverktaka, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.